

22. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður eða stýrimenn eru einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Stöðvarfjarðar.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendningarbætur, nr. 29 23. apríl, 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður reglugerð fyrir lendingarsjóð Stöðvarhrepps, nr. 9 frá 17. janúar 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja o. fl., nr. 51 15. maí 1964.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Hemlabúnaður skal vera tvenns konar: Aksturshemill og stöðuhemill. Aksturs- og stöðuhemlar skulu verka óháðir hvor öðrum. Vökva- eða lofthúnaður til þess að halda stöðuhemli í hemlunarstöðu er óheimill.

2. gr.

a-liður B-liðs 1. töluliðs 6. gr. orðist svo:

Samhverf (symmetrisk) lágljós, sem er þannig komið fyrir, að aðal ljósmagninu er beint niður á við, enda nái það ekki hærra upp en 10 cm fyrir neðan ljóskeðin í 10 m fjarlægð á sléttum, láréttum vegi.

3. gr.

Á eftir 3. tölulið 7. gr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Aðvörunarljós. Heimilt er að nota stefnuljós samkvæmt a- og b-lið 6. töluliðs 6. gr. sem aðvörunarljós. Þegar ljós þessi eru notuð til aðvörunar, skulu þau lýsa samtímis, eða fremri ljósin og aftari á víxl. Ljósin skulu þannig tengd rafkerfi bifreiðar, að eigi sé unnt að kveikja á þeim, ef hreyfill er í gangi.

Aðvörunarljós má einungis nota, ef ökutæki stendur óökufært á vegi eftir árekstur, skemmd eða bilun, þannig að annarri umferð stafi hætta af. Notkun aðvörunar-

ljósa leysir ökumann ekki frá þeirri skyldu að gera aðrar, viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr slysaþættu, þar á meðal að flytja ökutækið á brott svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Á útblástursþípu hreyfils skal vera tæki, er dragi úr hávaða. Skal enda pípunnar þannig komið fyrir, að ekki valdi farþegum eða öðrum vegfarendum hættu eða óþægindum.

5. gr.

2. mgr. 16. gr. orðist svo:

Hurðarhandföng, lamir, felgulok og annar búnaður á bifreið skal þannig gerður, að vegfarendum stafi ekki hætta af.

6. gr.

IX. kafli orðist svo:

Létt bifhjól.

45. gr.

Grind léttis bifhjóls skal vera úr traustu efni og vönduð að gerð. Breidd stýris má ekki vera meiri en 70 cm.

Bifhjólið skal búið tvenns konar hemlum, er verki sjálfstætt, hvor um sig, og hvorugur eingöngu á hjólbarða. Ef afturhjólshemill verkar með því að spyrna fótstigi aftur á bak, skal hemillinn þannig gerður, að hann verki til fulls, ef fótstigið fer niður fyrir lárétta stöðu.

Á léttu bifhjóli skal vera eitt framljósker með innbyggðum búnaði fyrir háljós og lágljós. Ljósker skal tengt við rafal, en ljósaskipti komið fyrir á stýrisstöng. Stilling ljósa skal vera í samræmi við ákvæði 6. gr. Á hjólinu skal enn fremur vera ljósker fyrir rautt afturljós og rautt glitauga, sem má vera sambyggt afturljóskeri.

Á léttu bifhjóli skal vera hjalla eða eintóna horn, svo og læsingarbúnaður, er sé fastur á hjólinu.

Ákvæði 14. gr. gilda um létt bifhjól eftir því sem við á.

Óheimilt er að hafa á léttu bifhjóli búnað til farþegaflutnings.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 26 2 maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu, nr. 125 9. júní 1965.

1. gr.

Á eftir síðasta tölulið í upptalningu sýsluvega í Miðdalahreppi í 2. gr. samþykktarinnar komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

11. Hundadalsvegur:

Af Hálsbæjarvegi að Neðri-Hundadal.

Röð eftirfarandi töluliða reglugerðarinnar breytist í samræmi við þetta.